



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Borgarnesi 15.03 2016

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 6 apríl 2016. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands, Sorpurðunar Vesturlands og Vesturlandsstofu.

Dagskrá miðvikudaginn 6 apríl verður sem hér segir:

Kl.09.30	Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
Kl.10.15	Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
Kl.11.15	Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Kl.12.15	Hádegisverður
Kl.13.00	Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
Kl.14.00	Aðalfundur Vesturlandsstofu
Kl.14.30	Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi Hér undir verður lagður fram ársreikningur þjónustusvæðis Vesturlands um málefni fatlaðra.

Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;


- Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga, sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Kosning í stjórn SSV.
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Á Haustþingi SSV í október 2015 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2016. Tillaga að fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2017 verður því lögð fram á Haustþingi SSV 2016.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV.

Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2015 verða send sveitarfélögum fyrir aðalfundinn.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, reading "Páll S. Brynjarsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV